

62. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 23. febrúar 2005 í Ráðhúsinu. Mætt voru úr Fræðslunefnd Björn Sverrisson, Linda S. Sigurðardóttir, Katrín Pálsdóttir og Ingveldur Eypórsdóttir, Katrín Gísladóttir boðaði forföll, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri, Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri, fulltrúar foreldra og starfsfólks Guðrún Svana Pétursdóttir, Þórheiður Gunnlaugsdóttir, Kristín Sigurðardóttir og Unnur Breiðfjörð.

1. Skýrslur skólastjóra.

- a). Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.
Árshátíð verður með öðrum hætti í ár, skólastjóri í samráði við nemendaráð mun kynna breytinguna.
Skólastjóri kynnti fyrirkomulag starfsmannasamtala.
Danskenntla Jóns Péturs og Köru gekk vel, rætt um breytt fyrirkomulag danskennslunnar.
Breyting á neyðaráætlun, söfnunarstaður verður Íþróttamiðstöðin í stað Hótel Stykkishólms.
Skólanámsskrá GSS gefin út, 150 síðna mappa. Skólastjóri kynnti námskrána og afhenti formanni nýju skólanámsskrána.
Gunnar lýsti ánægju sinni á “Gulu skýrslunni”, eða samantekt upplýsinga á heimasíðum einstakra bekkja í GSS, ásamt upplýsingum frá öðrum skólum, sem Björn tók saman og sendi öllum í fræðslunefnd.

Björn sagði að á síðasta fundi hafi verið ætlunin að ræða aðgang foreldra að upplýsingum um heimanám barna sinna. Og hvort Olweus-verkefnið (verkefni um einelti) væri enn í gangi í Grunnskólanum. Í því sambandi hefði hann tekið saman þessi gögn, fram kom að heimasíður væru misgóðar, allt frá því að vera mjög góðar, niður í að alls engar upplýsingar var þar að hafa um heimanám.

Sé heimasíða ekki notuð til að upplýsa um námsefni til heimanáms væri ágætt að þar kæmi fram að upplýsingum sé miðlað til nemenda með öðrum hætti. Hafa ber í huga að öll heimili eru ekki með tengingu við internetið og því ekki í öllum tilvikum hægt að nota netið til að miðla upplýsingum um heimanám til foreldra og forráðamanna barna.

Björn sagðist hafa skoðað heimasíðurnar nokkrum dögum eftir að ábendingum var komið á framfæri og hefðu jákvæðar breytingar þegar átt sér stað. Ljóst er að alltaf má gera betur, en þakka ber það sem vel er gert. Spyrja þarf grundvallarspurninga eins og hvaða upplýsingum eru verið að leita eftir á viðkomandi heimasíðum. Gamlar og úreltar upplýsingar um liðna viðburði eru t.d. ekki áhugarverðar og fá slíkar síður væntanlega ekki margar heimsóknir.

Gunnar sagði Olweus-verkefninu væri lokið sem slíku, en áfram væri unnið eftir því verklagi sem verkefnið byggir á.

Björn gaf orðið laust.

Unnur Breiðfjörð sagði frá að hún hafi fyrst tekið þátt í uppbyggingu á skólanámskránni fyrir tveimur árum síðan, þetta hefði verið mikil vinna og væri einelti og viðbrögð við því einn þáttur sem tekinn væri sérstaklega fyrir.

Unnur og Gunnar hvetja fólk til að kíkja á vef GSS, stykk.is (skolatorg.is)

Ingveldur ræddi um föstudagsnestið sem var “óhollur dagur”. Foreldrafélagið ákvað að sleppa þessum degi í fyrra. Foreldrar mjög ánægðir með að hafa alla virka daga hollt nesti fyrir börn í yngri deildum, rætt um komandi mótuneyti.

- b) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum. Starfsdagur var haldinn 18. febrúar. Sigrún sagði frá hvað var gert. Unnið að skólanámskrá og farið á skyndihjálparnámskeið. Foreldrahandbókin er aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Þörf er á öðrum starfsdegi til þess að geta klárað skólanámskrárvinnu, nú eigum við einn starfsdag og einn námskeiðsdag. Foreldraviðtöl eru framundan. Fyrir elstu börnin er lagt fyrir svo kallað Hljóm próf. Þar eru athuguð hljóð og málvitund barnanna. Er talið gefa vísbendingu um hvernig lestrarnám muni ganga og þá er hægt að grípa fyrir inn í. Þetta próf er búið til af talmeinafræðingum og sálfræðingum. Fara þarf á sérstakt námskeið til þess að mega leggja fyrir Hljóm prófið. Mörg börn bíða inngöngu. Ekki er mögulegt að koma neinum inn strax. Áætlað er að börn sem eru á biðlista komist inn í haust í síðasta lagi.

Björn sagði mjög jákvætt að leikskólinn fái auka starfsdag. Nefndin tekur undir það.

Björn sagði forvarnarstefnu leikskólans góða, en hana er m.a. hægt að nálgast á heimasíðu leikskólans.

Rætt var um trú barna. Skiptar skoðanir voru um það hvort vægi viðhorfa og venja sem taka mið af kristinni trú sé of mikið í skólastarfinu. Umburðarlindi fyrir skoðunum annarra er mikilvægt.

2. Önnur mál. Ábending kom varðandi teikningu leikskólans. Aðkoma foreldra sem eru með fleiri en eitt barn á mismunandi aldri í vöndum veðrum getur verið erfið, þar sem gert er ráð fyrir einum inngangi fyrir yngri börnin og öðrum fyrir eldri börnin. Sigrún skýrði út að betra sé að hafa tvo innganga, yngri deild og eldri deild. Farið hefði verið yfir þetta og ætti þetta ekki að vera neitt vandamál þar sem innangengt er á milli deilda.

Björn dreifði forvarnarstefnu Stykkishólmsbæjar. Hún verður tekin fyrir á næsta fundi fræðslunefndar.

Gunnar ræddi um framkvæmdir í fræðslumálum 2005 og fagnaði metnaði bæjarstjórnar í þeim málum.

Bæjarráð samþykkir að það verði gerður vinnuhópur til að “klára” endanlega teikningar á GSS. Skólastjóri lýsti ánægju sinni með stefnu Stykkishólmsbæjar.

Björn nefndi breyttan fundartíma fræðslunefndar, kl. 17.00 fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Ingveldur lýsti ánægju sinni á leiklistartímunum í GSS.

Guðrún Svana Pétursdóttir (sign.).